

Reykjavík, 21. febrúar 2025

Vartölutékk af öllum kennitölum

Samkvæmt lögum um skráningu einstaklinga [nr. 140/2019](#) ber Þjóðskrá Íslands að miðla aðgreinanlegri kerfiskennitölu. Kerfiskennitala er einkvæmt auðkenni fyrir einstaklinga sem uppfylla ekki skilyrði til skráningar í þjóðskrá. Kerfiskennitölur eru í dag og verða áfram í miðlun í aðgreindri skrá, kerfiskennitöluskrá.

Niðurstaða vinnu undanfarinna ára, í samráði við stærstu hagaðila, varð sú að allar kennitölur, bæði kerfiskennitölur og kennitölur einstaklinga skráðar í þjóðskrá, eru án útreiknaðar vartölu og tekur sú breyting gildi **18. febrúar 2026**. Með afnámi vartölutékks er hægt að fjölga kennitölum umtalsvert. Sjá nánar um [vartölu](#)

Þjóðskrá hefur nú lagt fram 6 gervikennitölur, 3 börn og 3 fullorðna, sem ekki standast vartölutékk. Fyrirtæki og stofnanir geta því prófað í sínum kerfum til að kanna hvort þau hleypi kennitölum án vartölu í gegn.

Nota þarf tvær kennitölur, sem ekki standast vartölutékk, til að prófa kerfi, kennitölu sem finnst í þjóðskrá og kennitölu sem ekki finnst í þjóðskrá.

- Hvorug kennitalan virkar = Vartölutékk notað í kerfi eða undirkerfum
- Kennitalan úr þjóðskrá virkar = Kerfi staðreynir kennitölur í þjóðskrá og er ekki að nota vartölutékk
- Báðar kennitölur virka = Kerfi er hvorki að nota þjóðskrá eða vartölutékk til staðreyningar

Það er því afar mikilvægt að keyra gervikennitölurnar í gegnum kerfin til að sjá hvort þau stopp á vartölu.

Ef svo er, er mikilvægt að vartölutékkið sé tekið af í kerfunum svo gagnaflutningur brotni ekki. Við vitum að nú þegar hafa mörg fyrirtæki og stofnanir tekið vartölutékkið af en þau sem ekki hafa gert það ættu endilega að huga að því sem fyrst.

Á þessari slóð er hægt að sækja gervikennitölur án vartölutékks [Gervigögn Þjóðskrár | Þjóðskrá](#)

Ef spurningar vakna eða eitthvað er óljóst þá vinsamlegast sendið fyrirspurnir á upplýsingar@skra.is

Þessi tölvupóstur er sendur á alla miðlara þjóðskrá og stærstu hagsmunaaðila.

**Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland**

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is